

L Ö G

30

24. marz

um breyting á tilskipun 31. maí 1855, sem lögleiðir á Íslandi lög 5. jan. 1851,
um eftirlaun.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

5. og 6. gr. falli niður.

2. gr.

Ákvæði 5. töluliðs 7. gr. og 4. töluliðs 11. gr. falli niður.

3. gr.

Lög þessi taka gildi þegar í stað.

Gjört að Bessastöðum, 24. marz 1961.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Gunnar Thoroddsen.

L Ö G

31

24. marz

um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febr. 1940.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 1. gr. laganna bætist ný málsgrein, svofelld:

Viðurlögum samkvæmt VII. kafla laga þessara verður ekki beitt, nema um þau sé mælt í heimildum þeim, sem greinir í 1. málsgrein.

2. gr.

Á eftir 2. gr. laganna komi ný grein, 2. gr. a, svo hljóðandi:

Viðurlögum þeim við brotum, sem um getur í VII. kafla laga þessara, verður ekki beitt, nema um þau hafi verið mælt í heimildum þeim, er greinir í 1. gr., á þeim tíma, er brot var framið, og skal gæta meginreglna 2. gr. við ákvörðun þeirra.

3. gr.

1. málsg. 42. gr. laganna orðist svo:

Reynslutíma má ákveða allt að 2 árum, en þó ekki lengri en til loka refsitíma.

4. gr.

64. gr. laganna falli niður.

31

24. marz

1. málsliður 65. gr. laganna orðist svo:

Þyki það ljóst af málavöxtum, eftir að umsagnar læknið hefur verið leitað, að sakborningur, sem framið hefur brot undir áhrifum áfengis, geti ekki haft hemil á drykkjufýsn sinni, má ákveða í dómi, að hann skuli lagður inn á viðeigandi hæli til lækningar.

5. gr.

68. gr. laganna orðist svo:

Nú fremur opinber starfsmaður refsiverðan verknað, og má þá í opinberu máli á hendur honum svipta hann heimild til að rækja starfann, ef hann telst ekki lengur verður eða hæfur til þess.

Nú er maður dæmdur sekur um brot, og má þá í dómi í opinberu máli á hendur honum svipta hann heimild, er hann hefur öðlæzt, til að stunda starfsemi, sem opinbert leyfi, löggildingu, skipun eða próf þarf til að gegna, enda gefi brotið til kynna, að veruleg hættu sé á því, að sakborningur muni fremja brot í stöðu sinni eða starfsemi. Þegar brot er stórfellt, má einnig svipta mann ofangreindum rétti, ef hann telst ekki framar verður til að rækja starfann eða njóta réttindanna.

Svipta má mann réttindum þeim, er greinir í 2. málsg., um tiltekinn tíma, allt að 5 árum, eða ævilangt.

Sérákvæði í lögum um sviptingu réttinda, er greinir í 1. og 2. málsgrein, skulu halda gildi sínu.

Svipting réttinda telst frá þeim tíma, sem ákveðinn er í dómi, og í síðasta lagi frá birtingu fullnaðardóms.

Nú er íslenzkur ríkisborgari eða maður, sem búsettur er hér á landi, sviptur réttindum erlendis með dómi vegna refsiverðs verknaðar, og getur ákærvald þá höfðað opinbert mál á hendur honum til réttindasviptingar. Sama er, ef manni hefur verið dæmd refsing erlendis, þótt réttindasvipting hafi ekki verið dæmd. Ákvörðun um framangreinda réttindasviptingu hlítir íslenzkum lögum.

7. gr.

Á eftir 68. gr. laganna komi ný grein, 68. gr. a, svofelld:

Nú er manni synjað um opinbert starf eða opinbert leyfi til þess að stunda starf fyrir þá sök, að hann hafi framið refsiverðan verknað, og má þá bera synjun stjórnvalda undir dómstóla samkvæmt reglum um meðferð opinberra mála. Úrlausn héraðsdóms sætir kæru til Hæstaréttar.

Nú hefur maður verið sviptur réttindum ótímabundið með dómi í opinberu máli, og er þá heimilt, þegar 5 ár eru liðin frá uppsögu dóms, að bera undir dómstóla samkvæmt reglum um meðferð opinberra mála, hvort fella skuli niður réttindasviptingu. Úrlausn héraðsdóms sætir kæru til Hæstaréttar. Sérákvæði í lögum um brottfall réttindasviptingar skulu halda gildi sínu.

8. gr.

Lög þessi taka gildi þegar í stað.

Gjört að Bessastöðum, 24. marz 1961.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Bjarni Benediktsson.